



13. desember

2022

## Breytingartillögur við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023

### Efni

Meðfylgjandi eru tillögur að breytingum við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023 - þingskjal 2 - 2. mál.

### Stuðningur stjórnvalda vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði - breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003

Með aðgerðum til að styðja við markmið kjarasamninga á almennum vinnumarkaði um að verja kaupmátt og líf skjör launafólks og skapa forsendur fyrir stöðugleika í efnahagsmálum, lækkun verðbólgu og vaxta leggja stjórnvöld m.a. til eftirfarandi breytingar á vaxta- og barnabótakerfinu sem markvisst miða að því að styðja við líf skjör lág- og millitekjufólks.

### Barnabætur

Um ákvörðun barnabóta er fjallað í A-lið 68. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Barnabætur eru tekjutengdar bætur sem greiddar eru með börnum yngri en 18 ára. Fjárhæð barnabóta ræðst af fjölda og aldri barna á heimili, hjúskaparstöðu foreldra og tekna þeirra. Barnabætur eru tekjutengdar til að ná því fram að stuðningur barnabóta sé mestur hjá þeim fjölskyldum sem þurfa mest á stuðningi að halda en meginmarkmið barnabóta er að vinna gegn fátækt barna.

Með breytingu á A-lið 68. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, er stefnt að betri og skilvirkari stuðningi til barnafjölskyldna, fjölgun fjölskyldna sem njóta stuðnings, að draga úr skerðingum, lækkun jaðarskatta af völdum barnabóta og aukinni skilvirkni og tímanleika barnabóta. Auk þess sem lögð er til hækkun grunnfjárhæða barnabóta og lækkun skerðinga er lögð til mikil einföldun á barnabótakerfinu, sem hvoru tveggja er ætluð til að auka gagnsæi barnabótakerfisins og mæta þeim breytingum sem hafa orðið á stöðu foreldra og ábyrgð á umönnun og uppeldi barna á undanförunum árum og áratugum.

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027, sem samþykkt var með þingsályktun 14. júní 2022, þskj. 1271, 513. mál, koma fram tvö markmið fyrir málaflökkinn. Annars vegar að auka stuðning við tekjulága foreldra þar sem megingilgangur barnabótakerfisins sé að vinna gegn fátækt barna og því mikilvægt að líta til þess í hve miklum mæli barnabætur auki ráðstöfunartekjur tekjulægri fjölskyldna.

Hins vegar að auka einföldun og skilvirkni á barnabótakerfinu en jafnvægi þurfi að ríkja milli þess að tekjutengingar verði til þess að stuðningurinn fari til þeirra tekjulægri en á sama tíma hafi skerðingarhlutföll tekjutenginga ekki neikvæð áhrif á of marga.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til á fjárhæðum, skerðingarmörkum og skerðingarhlutföllum barnabóta eru lagðar til í tveimur áföngum sem taka eiga gildi á árunum 2023 og 2024.

## 1. Fyrri áfangi 2023

Í fyrri áfanganum sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2023 er lögð til með bráðabirgðaákvæði við lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, ein fjárhæð tekjutengdra barnabóta með hverju barni en í núgildandi kerfi eru bætur með fyrsta barni lægri en með þeim sem umfram eru. Þannig mun sama fjárhæð fylgja öllum börnum, að gefinni fjölskyldustöðu foreldra, en sé ekki mismunandi milli frumburðar og annarra barna líkt og nú er. Fyrir einstæða foreldra hækka barnabætur úr 413.000 kr. með fyrsta barni og 423.000 kr. með hverju barni umfram eitt í 440.000 kr. með hverju barni. Fyrir foreldra í sambúð fara barnabætur úr 248.000 kr. með fyrsta barni og 295.000 kr. með hverju barni umfram eitt í 295.000 kr. með hverju barni. Barnabætur sem greiddar eru með börnum yngri en sjö ára óháð hjúskaparstöðu fara úr 148.000 kr. í 138.000 kr. Viðbótarbarnabætur vegna barna yngri en sjö ára voru lögfestar árið 1979 og má ætla að með þeim hafi verið stefnt að því að koma til móts við kostnað foreldra vegna leikskólalagöngu barna. Á síðastliðnum fjörutíu árum hefur kostnaðarþátttaka foreldra vegna leikskólalagvalar barna lækkað verulega og þykir því rétt að draga úr vægi viðbótarbarnabóta í barnabótakerfinu.

Í annan stað er á árinu 2023 gert ráð fyrir einum skerðingarmörkum tekna vegna barnabóta á hjúskaparstöðu. Fyrir einstæða foreldra verða skerðingarmörkin 4.750.000 kr. á ársgrundvelli í stað 4.549.000 kr. neðri marka og 6.160.000 kr. efri marka í núgildandi kerfi. Fyrir foreldra í sambúð verða skerðingarmörkin 9.500.000 kr. á ársgrundvelli í stað 9.098.000 kr. neðri marka og 12.320.000 kr. efri marka í núgildandi kerfi.

Barnabætur skerðast í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn og er gert ráð fyrir að á árinu 2023 verði skerðingarhlutföllin 4% með einu barni, 6% með tveimur börnum og 8% með þremur börnum eða fleiri og eru það óbreytt skerðingarhlutföll frá því sem telst til neðra skerðingarhlutfalls í gildandi ákvæði. Þar sem gert er ráð fyrir einum skerðingarmörkum eins og áður segir falla efri skerðingarhlutföll brott en í gildandi ákvæði voru þau 5,5% með einu barni, 7,5% með tveimur börnum og 9,5% með þremur börnum eða fleiri. Núgildandi skerðingarhlutfall með börnum yngri en sjö ára helst óbreytt á árinu 2023 eða 4% fyrir hvert barn.

Til fyrri áfangans telst jafnframt skipt búseta barns sem tók gildi í byrjun ársins 2022 og kemur til framkvæmda 1. janúar 2023. Frá þeim tíma verða barnabætur til foreldra sem skipta búsetu barns greiddar með hliðsjón af fjölskyldustöðu hvors foreldris fyrir sig.

## 2. Síðari áfangi 2024

Síðari áfanginn varðar samtímabarnabætur sem gert er ráð fyrir að taki mið af barnastöðu eftir ársfjórðungum en stefnt er að gildistöku þeirra í ársbyrjun 2024. Í núverandi barnabótakerfi tekur greiðsla barnabóta mið af fjölda barna í lok síðastliðins árs. Foreldrar janúarbarna þurfa því að bíða

í þrettán mánuði þar til barnabætur eru greiddar út í fyrsta sinn í febrúar ári síðar. Með upptöku samtímabarnabóta er gert ráð fyrir að greiðslur barnabóta taki þess í stað mið af fjölda barna í lok síðastliðins ársfjórðungs og því yrði biðtími eftir barnabótum aldrei lengri en fjórir mánuðir.

Jafnframt er gert ráð fyrir minni skerðingum og hækkun fjárhæða barnabóta í síðari áfanga breytinganna á árinu 2024. Þannig munu barnabætur einstæðra foreldra hækka úr 440.000 kr. með hverju barni í 460.000 kr. Fyrir foreldra í sambúð hækka barnabætur úr 295.000 kr. með hverju barni í 310.000 kr. Barnabætur sem greiddar eru með börnum yngri en sjö ára óháð hjúskaparstöðu fara úr 138.000 kr. í 130.000 kr.

Á árinu 2024 er jafnframt gert ráð fyrir því að skerðingarmörk tekna vegna barnabóta einstæðra foreldra verði hækkuð úr 4.750.000 kr. á ársgrundvelli í 4.893.000 kr. Fyrir foreldra í sambúð verða skerðingarmörkin 9.785.000 kr. á ársgrundvelli í stað 9.500.000 kr.

Barnabætur skerðast í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn og er að lokum lagt til að á árinu 2024 verði einungis eitt skerðingarhlutfall sem verður 5% með öllum börnum óháð hjúskaparstöðu og taki það einnig til skerðingarhlutfalls með börnum yngri en sjö ára.

### 3. Fjárhagsáhrif

Á árinu 2023 er gert ráð fyrir 600 millj. kr. hækkun barnabóta. Í breytingunni felst einföldun á barnabótakerfinu, stuðningur við barnafjölskyldur verður eflur og fjölskyldum sem njóta stuðnings fjölgað. Þá verður dregið úr skerðingum í barnabótakerfinu, jaðarskattar af völdum barnabóta lækkaðir og skilvirkni og tímanleiki bótanna aukinn. Teknar verða upp samtímagreiðslur barnabóta þannig að biðtími eftir bótum verði aldrei lengri en 4 mánuðir eftir fæðingu barns. Lagt er til að kerfisbreytingin komi til framkvæmda í tveimur skrefum árunum 2023 og 2024. Samtals er áætlað að kostnaður við einfaldara kerfi verði 5 milljörðum kr. hærrí en hann hefði ella orðið miðað við núverandi fjárhæðir og skerðingarmörk. Á móti auknum kostnaði vega áhrif áætlaðra launahækkana þannig að uppsafnað mun þurfa 2 milljarða kr. í auknar fjárheimildir til að fullfjármagna breytingarnar, þar af 600 millj. kr. fyrir árið 2023 en 1,4 milljarð kr. fyrir árið 2024. Ætla má að kerfisbreytingin tryggi að barnabætur nái til 2.900 nýrra fjölskyldna, sem myndu ekki njóta stuðnings í núverandi kerfi. Á árinu 2022 fá 11.780 einstæðir foreldrar og 40.690 foreldrar í sambúð ákvarðaðar barnabætur. Þar sem sambúðaraðilar skipta með sér barnabótum eru það því samtals 32.125 fjölskyldur sem fá ákvarðaðar barnabætur á árinu 2022.

Gert er ráð fyrir að ákvæðin öðlist þegar gildi. Ákvæði 27. gr. kemur til framkvæmda við ákvörðun barnabóta í fyrirframgreiðslu og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2024. Ákvæði 29. gr. kemur til framkvæmda við ákvörðun barnabóta í fyrirframgreiðslu og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2023 eins og þar er kveðið á um.

### 4. Breytingartillögur

Við XVII. kafla frumvarpsins bætast tvær nýjar greinar er verða 27. og 29. gr., svohljóðandi:  
27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. A-liðar 68. gr. laganna:

- a. Í stað „248.000 kr. með fyrsta barni en 295.000 kr. með hverju barni umfram eitt“ í 1. másl. kemur:  
310.000 kr.

- b. Í stað „börnum“ og „413.000 kr. með fyrsta barni en 423.000 kr. með hverju barni umfram eitt“ í 2. másl. kemur: hverju barni; og: 460.000 kr.
- c. Í stað „sem hér segir:“ í 3. másl. kemur: umfram 9.785.000 kr. hjá hjónum og umfram 4.893.000 kr. hjá einstæðu foreldri.
- d. 1. og 2. tölul. 3. másl. falla brott.
- e. Á eftir 4. másl. kemur nýr málsliður svohljóðandi: Skerðingarhlutfallið skal vera 5% með hverju barni.
- f. Í stað „148.000 kr.“, „4%“, „9.098.000 kr.“ og „4.549.000 kr.“ í 7. másl. kemur: 130.000 kr.; 5%; 9.785.000 kr.; og: 4.893.000 kr.

#### 29. gr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. A-liðar 68. gr. laganna skal ákvarða og greiða barnabætur í fyrirframgreiðslu og við álagningu 2023 með eftirfarandi hætti:

Greiða skal tekjutengdar barnabætur með hverju barni innan 18 ára aldurs á tekjuárinu sem árlega skulu nema 295.000 kr. Tekjutengdar barnabætur með hverju barni einstæðra foreldra skulu vera 440.000 kr. Barnabætur samkvæmt þessari málsgrein skerðast í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram 9.500.000 kr. hjá hjónum og umfram 4.750.000 kr. hjá einstæðu foreldri og skal skerðingarhlutfallið vera 4% með einu barni, 6% með tveimur börnum og 8% með þremur börnum eða fleiri. Með tekjuskattsstofni í þessu sambandi er átt við tekjur skv. II. kafla að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr. Til viðbótar barnabótum samkvæmt þessari málsgrein skal greiða tekjutengdar barnabætur með öllum börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu. Skulu þær árlega nema 138.000 kr. og skal skerðingarhlutfall þeirra vera 4% með hverju barni af tekjuskattsstofni umfram 9.500.000 kr. hjá hjónum og umfram 4.750.000 kr. hjá einstæðu foreldri.

#### Vaxtabætur

Í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023 er lögð til framlenging á bráðabirgðaákvæði XLI í lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, um eitt ár. Ákvæðið fjallar um vaxtabætur og er gert ráð fyrir því að framlenging þess komi til framkvæmda við ákvörðun á greiðslu vaxtabóta og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2023. Með breytingartillögum er nú lagt til að eignaskerðingarmörk áður nefnds bráðabirgðaákvæðis verði hækkuð um 50% með gildistöku 1. janúar 2023 og komi jafnframt til framkvæmda við ákvörðun á greiðslu vaxtabóta og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2023.

Gert er ráð fyrir að hækkun eignaskerðingarmarkna vaxtabóta um 50% leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð sem nemur um 600 millj. kr.

#### 1. Breytingartillaga

Við 27. gr. frumvarpsins, sem verður 28. gr., bætist nýr stafliður, er verður c-liður, svohljóðandi:

#### 28. gr.

Í stað „5.000.000 kr.“ og „8.000.000 kr.“ í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XLI í lögum kemur: 7.500.000 kr.; og: 12.000.000 kr.